

8. gr.

Í kaupþunum, sem eru hreppsfélög út af fyrir sig, skulu $\frac{3}{4}$ sýsluvegasjóðsgjalda renna í sveitarsjóð, ef hreppsfélagið ver til veга- eða gatnagerðar innan hrepps á því ári a. m. k. jafnmiklu fé úr sveitarsjóði.

9. gr.

Oddviti sýslunefndar semur árlega reikning sýsluvegasjóðs. Skal reikningur undanfarins árs lagður fram á sýslufundi til samþykktar, og gilda þar um sömu reglur sem um sýslusjóðsreikninginn. Sýslunefnd semur tillögur um sýsluvegaáætlun samkvæmt 17. gr. vegalaga. Sýslunefnd semur einnig árlega áætlun um tekjur sýsluvegasjóðs yfirstandandi árs, svo og áætlun um útgjöld sýsluvegasjóðs, með hliðsjón af staðfestri sýsluvegaáætlun.

Framangreindar áætlanir, svo og reikning sýsluvegasjóðs, skal oddviti sýslunefndar senda vegamálastjóra að loknum sýslufundi.

10. gr.

Nú gerir sýsluvegaáætlun ekki ráð fyrir framkvæmdum eða innistæða í sýsluvegasjóði nægir til framkvæmda og viðhalds næsta ár, að dómi sýslunefndar, og skulu þá tekjur sýsluvegasjóðs það ár renna til þjóðvega í viðkomandi sýslu, eftir ákvörðun sýslunefndar.

11. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum allt að 100 þúsund krónum nema þyngri hegning liggí við að lögum. Með mál út af slíkum brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Vestur-Barðastrandarsýslu hefur samið og samþykkt, samkvæmt 19. gr. vegalaga, nr. 6 25. mars 1977, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi samþykkt nr. 110 15. maí 1965 um sama efni svo og samþykkt nr. 304 21. nóvember 1969 um breytingu á henni.

Samgönguráðuneytið, 14. ágúst 1980.

Steingrímur Hermannsson.

Birgir Guðjónsson.

S A M Þ Y K K T

um sýsluvegasjóð í Austur-Barðastrandarsýslu.

1. gr.

Í Austur-Barðastrandarsýslu skal vera sýsluvegasjóður. Skal úr þeim sjóði greiða kostnað við viðhald og lagningu sýsluvega, samkv. 2. gr. í samræmi við staðfesta sýsluvegaáætlun, sbr. þó 52. gr. vegalaga nr. 6/1977.

2. gr.

Um töku veга í tölu sýsluvega fer samkvæmt ákvæðum vegalaga hverju sinni. Sýsluvegir í Austur-Barðastrandarsýslu eru þessir:

Geiradalshreppur:

1. Gilsfjarðarbrekkuv.	Af Vestfj.vegi	að Gilsfjarðarbrekku.
2. Gilsfjarðarmúlavegur	— —	að Gilsfjarðarmúla.
3. Garpsdalskirkjuvegur	— —	að Garpsdal.
4. Gróustaðavegur	— —	að Gróustöðum.
5. Króksfjarðarnesvegur	Um Króksfj.nes, Vogaland	að sláturhúsi.
6. Valshamarsvegur	Af Trölltúnguheiðavegi, að	Valshamri.
7. Bakkavegur	— —	að Bakka og Stekkjarholti.
8. Gautsðalsvegur	Af Vestfj.vegi	að Gautsdal.
9. Ingunnarstaðavegur	Af Gautsðalsvegi	að Ingunnarstöðum.
10. Tindavegur	— —	að Tindum.
11. Klettsvegur	Af Vestfj.vegi	að Kletti.

Reykhólahreppur

1. Hólavegur	Af Vestfj.vegi	að Hólum.
2. Kamsvegur	— —	að Kambi.
3. Mýratunguvegur	— —	að Mýratungu.
4. Gillastaðavegur	— —	að Gillastöðum.
5. Klukkufellsvegur	— —	að Klukkufelli.
6. Munaðstunguvegur	— —	að Munaðstungu.
7. Borgarlandsvegur	— —	að Borg.
8. Skáldstaðavegur	— —	að Skáldstöðum.
9. Seljanesvegur	Af Reykhólasv.v.	að Seljanesi.
10. Miðhúsavegur	— —	að Miðhúsum.
11. Grundarvegur	— —	að Grund.
12. Höllustaðavegur	— —	að Höllustöðum.
13. Skerðingsstaðav. I	— —	að Skerðingsstöðum I.
14. Skerðingsstaðav. II	— —	að Skerðingsstöðum II.
15. Miðjanesvegur	— —	að Miðjanesi.
16. Hamarlandsvegur	— —	að Hamarlandi.
17. Staðarkirkjuvegur	— —	að Stað.
18. Staðarvegur II	— —	að Stað II.
19. Laugarlandsvegur	— —	að Laugarlandi.
20. Staðarbryggjuvegur	— —	að Staðarbryggju.
21. Berufjarðarréttarvegur	Af Vestfj.vegi	að Fjarrétt v. Bjarkarlund.
22. Hofstaðavegur	— —	að Hofstöðum.
23. Mávavatnsvegur	Af Reykhólavegi	að Mávavatni.
24. Reykhólavegur	— —	að Pangverksm. í Karlsey.

Gufudalshreppur:

1. Grafarvegur	Af Vestfj.vegi	að Gröf.
2. Hallsteinsnesvegur	— —	að Hallsteinsnesi.
3. Djúpadalsvegur	— —	að Djúpadal.
4. Grónesvegur	— —	að Grónesi.
5. Fremri Gufudalsvegur	— —	að Fremri Gufudal.
6. Gufudalskirkjuvegur	— —	að Gufudal.
7. Hofstaðavegur	— —	að Hofstöðum.
8. Kleifastaðabryggjuv.	— —	að Kleifastaðabryggju.
9. Múlavegur	— —	að Múla.
10. Fjarðarhornsvegur	— —	að Fjarðarhorni.
11. Klettsvegur	— —	að Kletti.

Múlahreppur:

1. Kvígindisfj.vegur	Af Vestfj.vegi	að Kvígindisfirði og Kirkjubóli og Bæ.
2. Svínanesvegur	— —	að Svínanesi
3. Skálmarnesmúla-kirkjuvegur	Af Fjarðarhlíðarvegi	að Skálmarnesmúla.
4. Deildarárvegur	Af Skálmarnesm.vegi	að Deildará.
5. Hamarsvegur	Af Skálmarnesm.vegi	að Hamri.
6. Ingunnarst.vegur	Af Skálmarnesm.vegi	að Ingunnarstöðum.

3. gr.

Vegagerð ríkisins er veghaldari sýsluvega.

4. gr.

Hvert hreppsfélag greiðir árlega í sýsluvegasjóð sem samsvarar a. m. k. andvirði sex dagvinnustunda fyrir hvern íbúa, miðað við kaupgjald í almennri verkamannavinnu hjá Vegagerð ríkisins 1. desember hið næsta ár, áður en gjaldið er lagt á.

Hreppsfélag getur ákveðið að hækka gjald sitt til sýsluvegasjóðs þannig að það nemi allt að andvirði átta dagvinnustunda fyrir hvern íbúa, og skal sú ákvörðun tilkynnt sýslumanni fyrir 15. febrúar. Síðan ákveður sýslumaður gjald hvers hrepps og tilkynnir oddvita fyrir 1. mars. Skal það greitt í einu lagi úr sveitarsjóði, eigi síðar en á næsta manntalsþingi.

5. gr.

Hreppsnefnd jafnar þeirri upphæð, sem hreppi ber að greiða í sýsluvegasjóð niður eftir sömu reglum og öðrum útgjöldum hreppsins.

6. gr.

Nú á einhver fasteign í hreppi eða kaupúni, aðra en jörð í fastri ábúð eða jarðarluta, en er þar þó ekki útsvarsskyldur eða greiðir þar ekki útsvar eftir sömu reglum og aðrir íbúar hreppsins og skal hann þá greiða vegaskatt af eign sinni í sýsluvegasjóð. Skattur þessi greiðist á manntalsþingi.

Vegaskattur skal nema 3.0 af þúsundi af fasteignamatsverði mannvirkja, landa og lóða með lögákveðnu álagi, þó aldrei lægri upphæð en kr. 24 800. Lágmarksgjald þetta skal breytast í sömu hlutföllum og kaupgjald, sbr. 21. grein vegalaga.

Gjald þetta hefur lögtaksrétt.

7. gr.

Undanskilin vegaskatti eru allar kirkjur, skólahús, sjúkrahús, þinghús, félagsheimili og vitar. Ráðherra er heimilt eftir tillögum sýslunefndar að ákveða, að eyjar, sem eru sjálfstæð hreppsfélög, greiði ekki framlag til sýsluvegasjóðs, enda annist hreppsfélagið sjálft um vegakerfi sitt að öðru leyti.

8. gr.

Í kaupúnum, sem eru hreppsfélög út af fyrir sig, skulu $\frac{3}{4}$ sýsluvegasjóðsgjalda renna í sveitarsjóð, ef hreppsfélagið ver til vega- eða gatnagerðar innan hrepps á því ári a. m. k. jafnmiklu fé úr sveitarsjóði.

9. gr.

Oddviti sýslunefndar semur árlega reikning sýsluvegasjóðs. Skal reikningur undanfarins árs lagður fram á sýslufundi til samþykktar, og gilda þar um sömu reglur sem um sýslusjóðsreikninginn. Sýslunefnd semur tillögur um sýsluvegaáætlun samkvæmt 17. gr. vegalaga. Sýslunefnd semur einnig árlega áætlun um tekjur sýsluvega-

sjóðs yfirstandandi árs, svo og áætlun um útgjöld sýsluvegasjóðs, með hliðsjón af staðfestri sýsluvegaáætlun.

Framangreindar áætlanir, svo og reikning sýsluvegasjóðs, skal oddviti sýslunefndar senda vegamálastjóra að loknum sýslufund.

10. gr.

Nú gerir sýsluvegaáætlun ekki ráð fyrir framkvæmdum eða innistæða í sýsluvegasjóði nægir til framkvæmda og viðhalds næsta ár, að dómi sýslunefndar, og skulu þá tekjur sýsluvegasjóðs það ár renna til þjóðvega í viðkomandi sýslu, eftir ákvörðun sýslunefndar.

11. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum allt að 100 þúsund krónum nema þyngri hegning liggja við að lögum. Með mál út af slíkum brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Austur-Barðastrandarsýslu hefur samið og samþykkt, samkvæmt 19. gr. vegalaga, nr. 6 25. mars 1977, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi samþykkt nr. 109 15. maí 1965 um sama efni svo og samþykktir nr. 306 21. nóvember 1969 og nr. 237 19. júlí 1974 um breytingar á henni.

Samgönguráðuneytið, 14. ágúst 1980.

Steingrímur Hermannsson.

Birgir Guðjónsson.

AUGLÝSING

um friðland við Varmárósa.

Samkvæmt heimild í 24. grein laga nr. 47/1971 um náttúruvernd hefur Náttúruverndarráð fyrir sitt leyti ákveðið að friðlýsa fitjar í óshólmum Varmár í Mosfellshreppi, Kjósarsýslu, og er svæðið friðland.

Mörk hins friðlýsta svæðis eru þessi:

Að norðan eru mörkin dregin frá hugsuðum punkti 100 m norður af odda Hestþinghóls og eftir aðalál Varmár austur að punkti merktum 1 á korti við skurð, (hnit, $x = 10876.30$, $y = 21520.86$), er liggur að Varmá 45 m austan við Skiphól. Að austan eru mörkin dregin frá fyrrnefndum punkti og í punkt 2 suðvestur af hesthúsunum (hnit, $x = 11040.49$, $y = 21273.76$). Frá þessum stað liggja mörkin í beina línu til norðvesturs um hugsaðan punkt 3 (hnit, $x = 11352.78$, $y = 21412.46$) og áfram 50 m í sömu stefnu til sjávar að hugsuðum punkti vestan Hestþinghóls. Að vestan eru mörkin dregin frá þessum stað til norðurs að upphafspunkti. (Hnit þessi eru í hnitakerfi Reykjavíkur og nágrennis).

Um svæðið gilda eftirfarandi reglur:

1. Mannvirkjagerð, jarðrask allt, svo og aðrar breytingar á landslagi eru bannaðar.
2. Gangandi og riðandi mönnum er heimil för um friðlandið, þannig að ekki brjóti í bága við friðlýsinguna. Ekki má nota vélknúin farartæki í friðlandinu.
3. Bannað er að skerða gróður, trufla dýralíf og fara um friðlandið með skotvopn. Beit búfjár er óheimil í friðlandinu.
4. Óheimilt er að breyta straumskiptum í Leirvogi, þannig að áhrif hafi á skilyrði fyrir gróður og dýralíf á friðlandinu.